

Nd.

480. Breytingartillögur

[172. mál]

við frv. til l. um byggingasjóð aldraðs fólks.

Frá Birgi Finnssyni, Gísla Jónssyni og Guðlaugi Gíslasyni.

1. Við 2. gr. Orðin „og styrkjum“ falli burt.
2. Við 4. gr. 1. másl. orðist svo:
Fela skal Tryggingastofnun ríkisins stjórn sjóðsins og daglegan rekstur hans.
3. Við 5. gr. Orðin „Styrki og“ í upphafi greinarinnar falli niður.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt skal tryggingaráði að verja hluta af fé sjóðsins til þess að lána einstaklingum, 67 ára og eldri, til kaupa á litlum íbúðum, sem gerðar séu sérstaklega við hæfi aldraðs fólks. Skal þá vera sú kvöð á íbúðunum, að þær verði notaðar fyrir aldrað fólk, meðan lánin hvíla á þeim. Tryggingaráð skal setja um þetta sérstakar reglur, sem félagsmálaráðuneytið staðfestir.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Lán, sem veitt eru úr sjóðnum, mega nema allt að 50% af kostnaðarverði íbúðanna, og skulu þau tryggð með veði í íbúðunum. Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánnum annars staðar frá, er nemi allt að 35% af kostnaðarverði íbúðanna.
6. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um lánstíma og lánskjör.